

Nd.

30. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

35., 36. og 37. liður 1. greinar laganna orðist svo:

35. Bakkagerðishérað: Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.

Íbúar í Loðmundarfirði eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Seyðisfjarðarhéraði.

36. Egilsstaðahérað: Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

37. Seyðisfjarðarhérað: Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði.

2. gr.

47. liður 1. greinar laganna orðist svo:

47. Selfosshérað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur að Selfossi.

3. gr.

Við 1. gr. laganna skulu enn fremur gerðar eftirfarandi orðabreytingar og leiðréttingar:

Við 3. tölulið: Skipaskagahérað verði: Akraneshérað.

Ytri-Akraneshreppur verði: Akraneskaupstaður.

— 4. — Borgarfjarðarhérað verði: Kleppjárnsreykjahérað.

— 8. — Dalahérað verði: Búðardalshérað.

— 15. — Hólshérað verði: Bolungavíkurhérað.

— 19. — Reykjarfjarðarhérað verði: Árneshérað.

- Við 20. tölulið: Hrófbergshreppur verði: Hrófbergshreppur, Hólmanvíkurhreppur.
- 21. — Miðfjarðarháerað verði: Hvammstangahérað.
Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár verði: Vestur-Húnavatnssýsla.
 - 22. — Húnavatnssýsla austan Gljúfurár verði: Austur-Húnavatnssýsla.
 - 27. — Svarfdælahérað verði: Dalvíkurháerað.
 - 29. — Liðurinn orðist svo:
Grenivíkurháerað: Grýtubakkahreppur, Draflastaðasókn í Háls-
hreppi og þeir bæir í sama hreppi, sem eiga kirkjusókn að
Laufási. Læknissetur á Grenivík.
 - 30. — Reykdælahérað verði: Breiðamýrarháerað.
 - 31. — Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur verði: Reykjahreppur,
Húsavíkurhreppur, Tjörneshreppur.
 - 32. — Öxarfjarðarháerað verði: Kópaskershérað.
 - 33. — Þistilfjarðarháerað verði: Þórshafnarháerað.
 - 38. — Norðfjarðarháerað verði: Neshérað.
 - 39. — Reyðarfjarðarháerað verði: Eskifjarðarháerað.
 - 40. — Fáskrúðsfjarðarháerað verði: Búðahérað.
Læknissetur á Fáskrúðsfirði verði: Læknissetur í Búðarþorpi í
Fáskrúðsfirði.
 - 41. — Berufjarðarháerað verði: Djúpavogshérað.
Beruneshreppur og Geithellnahreppur verði: Beruneshreppur,
Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
 - 42. — Hornafjarðarháerað verði: Hafnarháerað.
 - 43. — Síðuhérað verði: Breiðabólstaðarháerað.
 - 44. — Mýrdalshérað verði: Víkurháerað.
 - 46. — Rangárhérað verði: Stórólshvolshérað.
 - 48. — Grímsneshérað verði: Laugaráshérað.
 - 49. — Keflavíkurhreppur verði: Njarðvíkurhreppur, Keflavíkur-
hreppur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945, ákvæði 2. gr. þó því aðeins að um semjast við núverandi héraðslækni á Eyrarbakka um breyting á búsetu hans, en ella tekur það ákvæði gildi við næstu héraðslæknaskipti. Núverandi héraðslæknir í Fljótsdalshéraði skal eiga þess kost að verða héraðslæknir í hinu nýja Egilsstaðahéraði.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, fellir ríkisstjórnin 1., 2. og 3. gr. þeirra ásamt 1. og 2. gr. laga nr. 21 13. júní 1937, 1. gr. laga nr. 58 7. maí 1940 og lög nr. 52 30. júní 1942 inn í meginmál laga nr. 44 23. júní 1932 og gefur þau út að nýju undir heitinu: Læknaskipunarlög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefur samið frumvarp þetta, og gerir hann fyrir því svolátandi grein: Efnisbreytingar þær, sem farið er fram á, að gerðar verði á læknaskipuninni með frumvarpi þessu, eru einungis tvær, og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim, hvorri í sínu lagi.

1. Sameining Hróarstunguhéraðs og Fljótsdalshéraðs í eitt hérað, Egilsstaðahérað, þó þannig, að Borgarfjörður verði sérstakt læknishérað.

Um rök fyrir þessari breytingu vísast til fundargerðar frá fundi hreppsnefndar-oddvita í Fljótsdalshéraði, sem haldinn var að tilhlutun landlæknis á Egilsstöðum á Völlum 21. júlí 1942, og er fundargerðin prentuð hér á eftir sem fylgiskjal. Tillagan um sameining héraðanna, er oddvitafundur þessi samþykkti með samhljóða atkvæð-

um, var síðan borin undir hreppsbúa í hlutaðeigandi hreppum, og varð niðurstaðan sú, að í 7 af 9 hreppum reyndust hreppsbúar tillögunni mjög eindregið fylgjandi, en íbúar tveggja hreppanna, Fljótsdalshrepps og Hjaltastaðarhrepps, voru henni hins vegar andvígir. Svarar þetta til þess, að 1307 væntanlegir héraðsbúar æski breytingarinnar, en 433 ekki. Hrepparnir, sem tjá sig andvíga hugmyndinni, eru einmitt þeir tveir hreppar, þar sem lækni-setrin eru nú. Er vorkunnarmál, að þeir sjái eftir þeim friðindum, er því fylgir, og tregðist í lengstu lög við að trúá því, að aðgerðarleysi í málinu leiði til þess, sem því miður er full ástæða til að óttast, að allir sitji uppi lækni-slausir. Um afstöðu landlækni til málsins vísast til bréfs hans til dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. sept. 1942, sem einnig er prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Frekari undirbúningur málsins hefur því miður tafizt fyrir það, að dráttur hefur orðið á, að fram færi fyrirhuguð athugun réttra aðila á því, hvar velja bæri stað, þar sem reist yrði væntanlegt sveitaþorp, er orðið gæti eðlileg verzlunar- og menningar-miðstöð og jafnframt lækni-setur Fljótsdalshéraðs, auk þess sem illa hefur verið talið horfa um byggingarfrankvæmdir. En nú hefur sá atburður gerzt, er lækni-bústað-urinn og sjúkraskýlið á Brekku í Fljótsdal brann til kaldra kola nú um áramótin, sem ýtir svo sem mest getur orðið á eftir framkvæmdum í þessu máli. Lækni-bústað-inn og sjúkraskýlið verður að endurreisa þegar á næsta sumri, og verður þá ekki vikizt undan að taka af skarið um það, hvar sú framtíðarbygging skuli sett niður. Er það gert með þessu frumvarpi í samráði við þingmenn Múlasýslna. Jafnframt hefur verið farið fram á við húsameistara ríkisins, að hann vindi bráðan bug að því að láta gera uppdrátt að byggingunni, og er gert ráð fyrir, að hún rúmi auk íbúðar héraðslækni og sjúkraherbergja fyrir um átta sjúklinga aðra minni íbúð fyrir aðstoðarlækni. Er talið sjálf-sagt, að héraðslækni-rinn í þessu víðlenda héraði sitji fyrir öðrum um að hafa sér við hönd einn af aðstoðarlæknum þeim, sem héraðslæknum eru ætlaðir samkvæmt lögum nr. 52 1942. Gild ástæða er til að líta á húsbrunnann á Brekku í Fljótsdal á þessum erfiðleikatímum um byggingarfrankvæmdir og þar af leiðandi vegaleysi héraðslækni-sins ofan á annað öngþveiti í læknamálum þessara sveita sem óvenjulegt neyðarástand, er fyllilega réttlæti fjárframlög úr ríkissjóði til hins fyrirhugaða lækni-bústaðar og sjúkraskýlis á Egilsstöðum drjúgum fram yfir það, sem venjulega tíðkast til slíkra framkvæmda.

Kosið hefur verið að fjölga íbúum í hinu væntanlega Bakkagerðishéraði með því að láta Loðmundarfjörð (íbúar 44) heyra undir það að nafni til a. m. k., og verður þó íbúatala héraðsins fyrst í stað einungis 350, en sanngjarnt þykir, að Loðmfirð-ingar eigi eftir sem áður jöfnum höndum tilkall til lækni-þjónustu frá Seyðisfirði, og missa þeir þá einskis í.

2. Lækni-setur í Eyrarbakka-héraði flutt að Selfossi.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins eru þess efnis, að lækni-setrið í neðanverðri Árnes-sýslu verði flutt frá Eyrarbakka að Selfossi. Miðast þetta við það, að Eyrarbakki hefur, sem kunnugt er, fyrir æði löngu hætt að vera samgöngumiðstöð þeirra sveita, er hér eiga hlut að máli, en Selfoss tekið við af Eyrarbakka, enda koma þar nú allar leiðir saman. Er farið fram á flutning lækni-setursins fyrir mjög eindregna ósk og áskorun 6 hreppa héraðsins af 9 og mikils meiri hluta héraðsbúa. Einn hreppur, Selvogshreppur (íbúar 82), lætur sér hægt um, en kýs þó heldur breytinguna. Eru þá breytingunni fylgjandi 1975 íbúar af 3217, sem eru í öllu héraðinu. Þorpin tvö, Eyrarbakki (íbúar 604) og Stokkseyri (íbúar 638) mæla hins vegar gegn henni. Eyr-þekkingar með gildum rökum, að því er sjálfa þá snertir, því að þeir mundu óneitan-lega missa mikils í, en Stokkseyringar virðast engan veginn hafa jafnmikið til síns máls. Mæla kunnugir, að á lækni-sókn Stokkseyringa til Eyrarbakka annars vegar og að Selfossi hins vegar sé bitamunur, en ekki fjár. Að visu er leiðin til Eyrarbakka (6 km) styttri en að Selfossi (14 km), en þar er talið koma í móti, að almennar sam-göngur milli Selfoss og Stokkseyrar séu ólíkt tíðari en milli Stokkseyrar og Eyrar-

bakka, og leiði af því, að ósjaldan verði á þeirri leið vól ódýrra tækifærisferða til læknisvitjana og annarra viðskipta við lækni, sem minna gæti fáfarnari leiðina.

Að öllu athuguðu virðist krafan um setu héraðslæknisins á Selfossi vera eðlileg og réttmæt, auk þess sem svo horfir, að hún muni teljast því réttmætari, því lengra sem líður. Má þar meðal annars til nefna hina erfiðu aðstöðu þéttbýlisins í Hveragerði til læknisvitjana, en þar eiga nú fast aðsetur á annað hundrað íbúa og fer ört fjölgandi. Að sumrinu er fólksfjöldi þar stórum meiri.

Fara má nærri um, að Eyrbekkingum, sem svo lengi hafa notið þeirra hlunninda að hafa lækni hjá sér búsettan, muni bregða illa við að eiga nú að leita hans út úr þorpinu 12 km leið, þó að segja meg, að ekki sé þeim um vandara en Stokkseyringum, sem þó eru í við fleiri. Má gera ráð fyrir, að sumir vilji láta koma til álita að kljúfa heldur héraðið, þannig að Stokkseyri og Eyrarbakki verði sér um héraðslækni. En á því eru allmiklir annmarkar aðrir en aukin útgjöld um langa framtíð fyrir ríkissjóð. Er nú tíðarandi að láta sér slíkt í léttu rúmi liggja og þess ekki gætt, að hætt er við, að sú ástandstizka verði af illri nauðsyn endaslepp. Héraðið, heilt og óskert, telst nú í betri héraða röð og mun þó verða metið enn betra, eftir að héraðslæknir er settur að miðsveitis, einkum ef þar yrði vel að honum búíð. Eftir skiptinguna verður hvorugur hlutinn jafneftirsóknarverður ötulum læknum. Á þetta bætist, að meira bolmagn þarf til að búa vel að tveimur héraðslæknum, sínum á hvorum stað, en einum. Mundi héraðslæknir á Eyrarbakka sennilega einkum verða afskiptur og eiga á hættu að einangrast þar í umkomuleysi. Jafnvel Stokkseyringar eru engan veginn líklegir til að verða öruggir viðskiptamenn lækni á Eyrarbakka, er þeir ættu aðgang að lækni á Selfossi, svo sem háttað er samgöngum þeirra þangað, og mundi þess gæta því meira, því meiri sem yrði gerður vegur Selfosslækni með því, sem sjálfsagt er, og þeir, sem að þessari breytingu standa, munu hafa fullan hug á, að sjá honum fyrir sem fullkonnustum tækjum og öllum aðbúnaði. Mætti vel fara svo, að Eyrarbakkahérað yrði á eftir ekki auðskipað, og er þá vafasamur ávinningur Eyrbekkingum að keppa að því, að héraðið verði klofið, í stað þess að halda hópinn og stuðla að því að gera starfsskilyrði Selfosslækni sem allra bezt, en krefjast í móti, að þeim verði gerð viðskipti við hann sem allra greiðust, m. a. með föstum viðtalstímum á Eyrarbakka, útsölu nauðsynlegustu lyfja o. s. frv. Selfosslæknir yrði og svo í sveit settur, að hann mundi yfirleitt ganga fyrir öðrum læknum á Suðurlandi um að fá aðstoðarlækni á kostnað ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum laga nr. 52 1942, og gæti Eyrarbakki á margan hátt notið góðs af því, m. a. með búsetu aðstoðarlækni þar.

Rétt þykir að gera ráð fyrir, að leita þurfi samkomulags við núverandi héraðslækni um búferlaflutning hans. Eðlilegur sammingsaðili annars vegar yrði læknisbústaðarnefnd héraðsins, skipuð samkvæmt ákvæðum laga nr. 30 1933. Náist ekki slíkt samkomulag, sem ætla má, að ástæðulaust sé að gera ráð fyrir, ef eindregið verður eftir leitað, kemur ákvæðið til framkvæmda, næst er héraðið verður veitt.

Þingmenn Árneseinga hafa gengið ríkt eftir því, að heilbrigðisstjórnin tæki afstöðu til málsins, og er þeim kunnugt um flutning frumvarps þessa.

Í 3. grein felst lítill háttar leiðrétting á 29. tölulið 1. greinar. Eins og sá töluliður og hinn næsti á undan hafa af vangá verið orðaðir frá upphafi, falla nokkrir bæir (að visu nú aðeins einn í byggð: Þverá í Dalsmynni) undan þannig, að eftir bókstafnum hafa þeir ekki verið í neinu læknishéraði. Samkvæmt eðli málsins hafa þeir þó ætíð verið taldir til Höfðahverfishéraðs, og er hér farið fram á að breyta orðalagi laganna í samræmi við það.

Jafnframt er gripið tækifærið og farið fram á, að samræmd verði nöfn allra læknishéraða í landinu þannig, að þau verði eftirleiðis kennd hvert við sitt læknissetur. Er þetta í samræmi við fornhelgaðar venjur hér á landi um að kenna þinghár við þingstaði og kirkjusóknir við kirkjustaði. Hefur og frá upphafi verið að þessu stefnt um læknishéruðin, en varð lengi ekki samræmt til fulls vegna þess, að læknissetrin voru á reiki. Nú er því ekki lengur til að dreifa, er þau eru öll bundin í lögum og

ekki líklegt, að verulega haggist á næstunni. Eftir það er jafnóþarft og illa fer á því að nefna annað læknishérað Strandamanna Hólmavíkurhérað, en hitt Reykjarfjarðarhérað í stað Árneshéraðs, og annað læknishérað Húnvetninga Blönduóshérað, en hitt Miðfjarðarhérað í stað Hvammstangahéraðs o. s. frv. Að vísu munu sum hin nýju nöfn tæplega láta eins vel í eyrum og hin gömlu, einkum fyrst í stað, en rétt þykir, að það líti í lægra haldi fyrir samræminu.

Loks eru heiti sveitarfélaga lagfærð og leiðrétt í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á skipun þeirra, síðan lögin voru endurskoðuð í heild.

Fylgiskjal I.

Priðjudaginn 21. júlí 1942 komu oddvitar hreppa Fljótsdalshéraðs á fund að Egilsstöðum til viðtals við landlækni, Vilmund Jónsson, sem þar var staddur. Sveinn Jónsson á Egilsstöðum boðaði fundinn. En oddvitar úr Skriðdalshreppi, Fljótsdalshreppi og Hlíðarhreppi komu ekki á fundinn. Ari læknir Jónsson mætti á fundinum, svo og Páll Hermannsson alþingismaður.

Eftir allangar viðræður við landlækni lýsti hann yfir, að hann væri mjög vonlítill um, að læknir fengist í Hróarstunguhérað og óttaðist, að á sömu leið kynni að fara með Fljótsdalshérað, þegar það hérað losnaði. Hallaðist hann að þeirri leið í málinu, sem áður hafði komið til tals milli oddvitanna og enn var á dagskrá hjá þeim, að héruðin yrðu sameinuð og byggður yrði nýr læknisbústaður miðlínis á Héraðinu við bílveginn, þegar efni fengist til byggingar. Minnt var á, að í húsinu væru tvær sjúkrastofur og nauðsynleg rannsóknaráhöld. Landlæknir bauð oddvitunum að færa í tal við ríkisstjórnina að kaupa báða læknaþústaðina fyrir viðunandi verð, húsin á Brekku og Hjaltastað, fyrir íbúðarhús á jörðunum.

Fram kom svo hljóðandi tillaga:

Að fengnum upplýsingum landlæknis óttast fundurinn, að vonlítið sé um lækni í Hróarstunguhérað að Hjaltastað og eins geti farið um Fljótsdalshérað, ef það losnar. Telur fundurinn meiri tryggingu í að sameina læknishéruðin handa einum aðallækni, sem fengi svo aðstoðarlækni, launaðan sómasamlega. Skyldi bústaður fyrir þá reistur nálægt Lagarfljótsbrú, svo fljótt sem fært þykir, með ríflegum styrk úr ríkissjóði og í von um, að sænilegt andvirði fái frá ríkinu fyrir bústaðina á Brekku og Hjaltastað.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Oddvitunum var falið að bera fundargerð þessa og tillöguna undir atkvæði hreppsþúa, hverjum í sínum hreppi. Skyldi ekki í frankvæmdir ráðizt, fyrr en í ljós er komið, að þorri atkvæðisþerra héraðsþúa er þessu samþykkuð.

Kosin var þriggja manna nefnd til að hafa framkvæmdir í málinu, þeir Sveinn Jónsson, Björn Sveinsson og Ari Jónsson læknir.

Var svo fundi slitið.

Sveinn Jónsson.

Jón Jónsson.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIRINN

Reykjavík, 16. september 1942.

Um athugun á skipun læknishéraða á Fljótsdalshéraði og ráðstafanir í því sambandi.

Af því tilefni, hve erfiðlega gengur að fá skipaðan lækni í Hróarstungulæknishérað og litlar horfur eru á, að úr því rætist, hefur nefndarmönnum á Fljótsdalshéraði dottið í hug sú lausn málsins að gera allt Fljótsdalshérað að einu læknishéraði, leggja niður Brekku í Fljótsdal og Hjaltastað sem læknissetur og fá læknum bústað nálægt hinni eðlilegu samgöngumiðstöð alls Héraðsins, þ. e. í nánd við Egilsstaði eða Lagarfljótsbrú. Að vísu leiðir af þessu, að gera yrði Borgarfjörð,

sennilega ásamt Loðmundarfirði, að sérstöku læknishéraði með læknissetri að Bakka-gerði, en það hefur lengi verið mikið áhugamál Borgfirðinga. Að því er fólksfjöldi snertir, yrði hið nýja Fljótshérað (eða Egilsstaðahérað) ekki nema rösklega miðlungshérað með 1600—1700 íbúum¹⁾, en Bakkagerðishérað aftur mjög fámenn með tæplega 400 íbúum.²⁾ Hins vegar horfir heldur til fólksfjölgunar í Bakkagerðisþorpi. Yfirsókn læknis frá Egilsstöðum um allt Fljótshérað og Jökuldal er óneitanlega mikil og erfið, einkum að vetrinum, ef bílasamgöngur takast af með öllu, en þó mikill þægindamunur, að læknirinn sitji á Egilsstöðum fremur en uppi í Fljótshéraði og gegni þaðan öllu héraðinu, eins og nú á sér stað, þegar ekki er unnt að ná til læknis á Eskifirði. Af Úthéraði og Jökuldal er að visu miklu lengri leið til Eskifjarðar en í Fljótshéraði, þó að menn kjósi yfirleitt fremur Eskifjarðarleiðina, þegar hún er bílfær, vegna greiðari samgangna þangað, og má bezt marka á því, hve umhent mönnum er að eiga læknissókn í Fljótshérað.

Eftir að ég hef átt kost á að ræða þetta mál á fundi oddvita hlutaðeigandi byggða, er haldinn var að minni tilhlutun á Egilsstöðum í sumar, fellst ég á, að þessi hugmynd um samfærslu héraðanna eigi fullan rétt á því, að hún verði athuguð nánar, ekki sízt með hliðsjón af því, að unnt verði fyrir hinn væntanlega Egilsstaðalækni að njóta hlunninda hinna nýju laga um aðstoðarhéraðslækna. Er vafalaust, að Héraðsbúum yrði mjög sémilega greið viðskipti við tvo lækna á Egilsstöðum, auk þess sem nán samvinna tveggja lækna við viðunandi skilyrði mundi á margan hátt tryggja betri árangur af starfi þeirra.

Í samráði við mig var af hálfu oddvitanna skipuð nefnd til að hafa með höndum frekari athugun þessa máls, sem ég geri ráð fyrir, að beinist fyrst og fremst að því, hverjir möguleikar mundu á, að koma upp nýjum læknisbústað ásamt góðu sjúkraskýli á Egilsstöðum eða þar í grennd. Hin fyrsta spurning, sem vaknar í því sambandi, er, hvort unnt mundi að losna við læknisbústaðina, sem fyrir eru. Þ. e. á Brekku í Fljótshéraði og Hjaltastað, og þá fyrir það verð, er næmi einhverju verulegu upp í kostnað við að reisa nýjan læknisbústað og sjúkraskýli. Nú vill svo til, að á hvorugum þessum stað eru íbúðarhæf bæjarhús önnur en læknisbústaðirnir og þeir ekkí meiri í sniðunum en svo að vera við hæfi jarðanna, sem báðar eru góðjarðir í ríkiseign og líklegar til að verða eftirsóttar af myndarbandum. Liggur þá nærri, að grennslazt verði eftir, hvort ríkið mundi ekki vilja, ef til kæmi, kaupa húsin á báðum jörðunum og greiða sem riflegast fyrir þau með tilliti til þess, úr hverjum vanda hér væri verið að leysa.

Annað, sem liggur fyrir að athuga í sambandi við þetta mál, er að velja sem bezt staðinn fyrir hinn fyrirhugaða læknisbústað og sjúkraskýli. Ágreiningur getur enginn verið um, að í nánd við Egilsstaði eða Lagarfljótsbrú er læknirinn bezt settur, en þess er að gæta, að sýnt þykir, að einmitt á þessum slóðum risi á næstunni upp sveitaþorp, er verði verzlunar- og síðan jafnframt smátt og smátt menningarmiðstöð Fljótshéraðs. Er mönnum almennt að verða ljóst, hversu fráleitt það er, að Héraðsbúar sæki alla verzlun sína hina löngu leið til Reyðarfjarðar, í stað þess að þar sé aðeins hafnarstöð verzlunarinnar, en dreifingin fari fram frá eðlilegri miðstöð allrar byggðarinnar, þ. e. frá Egilsstöðum eða grennd. Er mér tjáð, að Kaupfélag Héraðsbúa, sem alla verzlunina rekur, hafi þegar skipað nefnd til að athuga þetta mál. Hvatti ég oddvitaneftir til að leita samvinnu við nefnd félagsins í því skyni, að sem vandlegast yrði eftir því leitað með tilliti til ræktunar-, rafmagns-, vatnsveitu-, fráæslu- og jarðvegsskilyrða, fagurrrar legu o. s. frv., hvar hið væntanlega þorp yrði haganlegast sett niður, og staðurinn síðan endanlega ákvarðaður. Stakk ég upp á því, að leitað yrði aðstoðar skipulagsnefndar ríkisins um þetta, en sennilega ætti einnig að kveðja þar til ráða Búnaðarfélagið og ráðunauta ríkisins um rafmagnsmál. En því lagði ég áherzlu á þetta skipulagsmál í sambandi við læknisbústaðarmálið, að verði úr sam-

1) Rétt 1700—1800. (Manntal 1942: 1740.)

2) Manntal 1942: 350.

færslu læknishéraðanna, má gera ráð fyrir, að fyrirhugaður læknisbústaður og sjúkra-
skýli yrði fyrsta byggingin, sem reist yrði af þeim, er heima ættu í hinu væntanlega
þorpi. Færi þá mjög illa á, að hún yrði af fyrirhyggjuleysi sett niður án nokkurs til-
lits til þess, hvar þorpinu yrði síðan valinn staður, með því að hún mundi þá senni-
lega á sínum tíma standa andhælislega af sér við það.

Samkvæmt framan sögðu og með tilvísun til samtals bæði við ráðherra heil-
brigðismálanna og skipulagsnefnd ríkisins leyfi ég mér að fara fram á við ráðu-
neytið, að það

- 1) leiti eftir og mæli með því við rétta hlutaðeigendur (sennilega landbúnaðar-
ráðherra), að gerður verði kostur á að kaupa handa ríkissjóði við sem rífleg-
ustu verði til íbúðarhúsa á hlutaðeigandi jörðum læknisbústaðina á Brekku í
Fljótsdal og Hjaltastað — ef til þess kemur, að þeir verði lagðir niður sem
læknisbústaðir, og
- 2) beini því til skipulagsnefndar ríkisins, að hún veiti aðstoð sína við að velja
stað væntanlegu sveitaþorpi í nánd við Egilsstaði og kveðji til ráða með sér
Búnaðarfélag Íslands og rafmagnseftirlit ríkisins — en síðan ákveði nefndin
stað fyrir læknisbústað og sjúkraskýli í hinu fyrirhugaða þorpi.

Vilm. Jónsson.

Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík.